

5. gr.

Forsvarsmaður er ábyrgur fyrir geymslu allra spilliefna og skilum á þeim til förgunar. Til spilliefna teljast m. a. rafgeymar, notaðar olúsíur, úrgangsolía og frostlögur. Halda skal nákvæma skrá yfir þau skil svo og tæmingu á sandfangi og olúgildru.

6. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

7. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfandi fyrirtæki með gildandi starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd skulu afla samþykktar byggingarnefndar sbr. ákvæði 3. gr. fyrir 1. janúar 2001.

Umhverfisráðuneytinu, 29. mars 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er nú 800.000 (átta hundruð þúsund) krónur og skal framreiknaður á fimm ára fresti skv. verðbreytingarstuðli (sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt) útgefnum af ríkisskattstjóra ár hvert, nú 1,0608.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Tekjur sjóðsins eru:

- vextir,
- söfnunarfé, sem félagar í Soroptimistaklúbbsi Reykjavíkur safna til eflingar sjóðnum,
- gjafir, áheiti og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki eða námslán til efnalítilla einstaklinga sem eru í viðurkenndu námi. Umsögn og meðmæli klúbbsystur (klúbbsystra) þarf að fylgja umsókn.

5. gr.

Veita má árlega fjárhæð sem nemur vöxtum og verðbótum af höfuðstól, ásamt öðrum tekjum síðasta fjárhagsárs.

6. gr.

Verði ekki veitt árlega úr sjóðnum sbr. 5. gr. má geyma upphæðina og ráðstafa henni annað ár. Veita má fleirum en einum umsækjanda aðstoð samtímis.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjár konur og tvær til vara. Skulu þær vera félagar í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur og kosnar á aðalfundi klúbbsins. Kosið skal til tveggja ára og endurkjósa má einu sinni. Aldrei skulu allir stjórnarmenn sjóðsins ganga úr stjórninni samtímis. Verði Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur leystur upp skal gera breytingar á þessu ákvæði. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum og kýs formann. Stjórnin skal hafa forgöngu um fjáröflun til sjóðsins, annast umsýslu hans og taka ákvörðun um fjárveitingar. Sjóðseign skal ávöxtuð á þann hátt sem hagkvæmast er hverju sinni, þó þannig að hún sé handbær einu sinni á ári. Stjórnin skal færa gerðabók.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu samþykktar af aðalfundi Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir styrktarsjóð Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur sem staðfest var 21. febrúar 1986, nr. 128/1986 í B-deild Stjórnartíðinda 1986.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. mars 2000.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.